

hendi embættispróf. Dóttir hans hafði beðið bana af slysi. Hann skorti þrek að þola slíkar raunir, og varð fálátur og gjarn til einveru, og var farinn að efast um að til væri réttlát forsón. Hann forðaðist að vera með nokkrum mönnum öðrum en yngstu dóttur sinni, sem fórnaði æskulífi sínu fyrir hinn aldurnhigna föður.

Að morgni þessa dags, er saga vor hefst, stóð hún úti og starði á sjóinn og hlustaði á klukkuhljóminn, sem heyrðist gegn um þokuna. Hún var klædd léttum morgunfötum. Hárið féll um herðar henni mikið og dökkleitt. Ef hún var litin aðgætnu auga, er hún stóð þarna, og starði á sjóinn með hönd yfir auga, hlaut það að vekja eftirtekt hvað magrir og grannir fingurnir voru á jafn þreklegri hönd. Hún hafði stór dökkblá augu. Augnaráðið var hálfblóttalegt og andlitið ósællegt og sló á það bleikum lit. Hún lauk upp dyrunum, sem láu út á litlu svalirnar og í þeim svifum kom faðir hennar út á eftir henni, Hann var hár vexti, með snöggeklipt hár og skegg, er hvorttveggja var tekið að hærast. Málrómur hans var dimmur og hálfhörkulegur, andlitið fölt og hrukkótt. Að öðru leyti sáuust eigi á honum nein merki þess að hann væri í andlegri eða líkamlegri afturför.

„Hvaða óskapa hringing er þetta altaf“, sagði hann. „Þeir hafa nú látið svona síðan klukkan þrjú“,

„Það eru nú ekki allir svona varasamir“, svaraði mærin, „eg sá núna rétt á möstrin á nokkrum smáskipum úti á þokunni“.

„Það er annars leiðinleg þessi sífelda þoka“, sagði prestur. „Mér líður alls ekki vel.—Er ekki kaffið til?“

„Já, eg skal hlaupa inn og renna því í bollana“, sagði hún stutt og vék sér inn í litla eldhúsið við hliðina á borðstofunni.

Gamli maðurinn staldraði við um stund og horfði út á sjóinn. Svo gekk hann hægt inn og settist að morgunverði og borðaði með beztu lyst.

„Hefirðu sofð illa í nótt?“ spurði mærin.

„Já, það rann að eins á mig dálítill blundur. — Sjórin, sjófuglarnir og þessi sífelda hringing“.....